

Rekstur útvarps á Íslandi verði gerður frjálsari

Nefnd undirbýr frjálsan útvarpsrekstur

ÁHUGAMENN um frjálsan útvarps- og sjónvarpsrekstur héldu í fyrrkvöld fund um þau mál og voru frummælendur þeir Guðmundur H. Gardarsson og Ólafur Hauksson. Fundarstjóri var Indriði G. Þorsteinsson og fundarritarar Haraldur Blöndal og Pétur Rafnsson. Sóttu fundinn á þriðja hundrað manns og urðu miklar umræður eftir framsöguerindin. Var samþykkt að stofna til samtaka, er hafi þann tilgang að vinna að því að rekstur útvarps á Íslandi verði gerður frjálsari en hann nú er.

Í ræðum manna kom fram að vegna breyttra viðhorfa og nýrra möguleika í tækni á sviði hljóðvarps og sjónvarps ætti að vera vel mögulegt að hrinda áformum um frjálsari útvarpsrekstur í framkvæmd, en með því mætti skapa ákveðna samkeppni milli Ríkisútvarpsins og hinna nýju stöðva er leitt gæti til betra efnis. Töldu fundarmenn óvildunandi að búa við einn ríkisfjölmiðil undir valdi stjórnmalamanna þar sem í því fælist ákveðin hætta fyrir lýðræðislega stjórnarhætti og kváðu frelsisskerðingu í því fölgna að leyfa ekki nema einum aðila rekstur útvarps. Af þeim ástæðum töldu menn brýnt að koma upp sjálfstæðum hljóðvarps- og sjónvarpsrekstri.

Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Almennur fundur áhugamanna um frjálsan útvarps- og sjón-

varpsrekstur haldinn í Reykjavík fimmtudaginn 25. október 1979, samþykkir að stofna til samtaka, sem hafi þann megingilgang að vinna að því að rekstur útvarps á Íslandi verði gerður frjálsari en nú er, og að afnuminn verði einkaréttur sá, sem Ríkisútvarpið hefur nú á útvarpi skv. ákvæðum í lögum nr. 19 frá 5. apríl 1971. Samþykkir fundurinn að kjósa nú nefnd manna, sem vinni að undirbúningi stofnunar samtakanna. Skal nefndin undirbúa samþykktir fyrir samtökin og boða til stofnfundar samtakanna, svo og að gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir í þessu skyni.

Um 180 manns skrifuðu undir yfirlýsingu um stofnun samtakanna og var á fundinum kjörin nefnd 16 manna til að vinna að undirbúningnum og eru þeir:

Guðmundur H. Gardarsson, Indriði G. Þorsteinsson, Ólafur Hauksson, Haraldur Blöndal, Pétur Rafnsson, Björn Vignir Sigurpálsson, Markús Örn Antonsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Bessi Jóhannsdóttir, Stefán Hilmarsson, Sveinn R. Eyjólfsson, Magnús Kjartansson, Ásgeir Hannes Eiríksson, Kristinn Andersen, Hannes Gissurarson og Jón Ólafsson.



Einar Hákonarson er hér að hengja upp málverkið „Bíðstöð“. Honum til aðstoðar er nemandi hans úr Myndlista- og handíðaskólanum, Páll Guðmundsson. Ljós. Emillia.

Einar Hákonarson sýnir á Kjarvalsstöðum

EINAR Hákonarson opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag, laugardaginn 27. október kl. 15, og mun sýningin standa til 11. nóvember. Á sýningunni eru 67 oliumálverk, flest máluð á síðustu tveimur árum. Þetta er 7. einkasýning Einars en hann lauk námi frá Myndlista- og handíðaskólanum árið 1964. Síðar stundaði hann framhaldsnám við Valands-listaháskólann í Gautaborg. Að því námi loknu kenndi Einar við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík þar til hann tók þar við sem skólustjóri á s.l. ári.

„Ég mála mannlíf, það stendur mér næst,“ sagði Einar í stuttu spjalli við Mbl.

„Viðhorfin til myndlistar hafa breyst mikið á síðustu árum. Áður fyrr var málari einskis metinn ef hann málaði ekki samkvæmt einhverjum viðurkenndum stíl. Nú er það ekki stillinn sem skiptir máli, heldur það sem hvert málverk hefur til að bera, hinn innri tónn verkefns.“

Á sýningu Einars á Kjarvalsstöðum eru tvær myndir málaðar við Njálssögu. Önnur myndin er í eigu Búnaðarbankans en hin hangir í Valhöll á Þingvöllum.

„Mér finnst það furðulegt að þjóð sú sem metur bókmenntir eins mikið og raun ber vitni skuli ekki hafa sýnt sögu sinni þá ræktarsemi að láta mála myndir upp úr henni. Eina myndin af þessu tagi, sem ég veit um að er í opinberri stofnun, er mynd Gunnlaugs Blöndal af Þjóðfundinum en hún hangir í anddyri Alþingishússins. Það eru aðeins einstaklingar sem hafa farið fram á það við mig að ég málaði verk upp úr sögu



Jónas Ingimundarson við hljóðfærið

Íslands. Einhvern tímann var samt samþykkt þingsályktunartillaga um að stuðla að því að gerð voru málverk af merkisatburðum úr sögu landsins, en það varð um hana eins og svo margar aðrar tillögur, hún datt upp fyrir. Þegar Íslendingar geta ekki sýnt sögu sinni nægjanlega ræktarsemi eiga þeir stutt eftir ólifað sem ein þjóð.

Mig langar að lokum að geta þess að ég er mjög gramur yfir meðferð sjónvarpsins af fréttatvöngum af málverkasýningum. Því vísaði ég fréttamanni sjónvarps burtu héðan í dag. Eg vil ekki lenda í þerri „föstudagsruslakistu“ sem þeir hafa komið sér upp. Eg lenti í þessari sömu aðstöðu er ég hélt sýningu í Bogasal árið 1970. Þá hafði FÍM gert þá samþykkt að félagar skyldu ekki boða fréttamenn sjónvarps á blaðamannafundi fyrir málverkasýningar. Eftir þau mótmæli sá þátturinn „Vaka“ dagsins ljós og er hann enn við lýði.

En fréttatvöngur sjónvarps virðist móttast of mikið af áhuga fréttamanna. Ef haldið er rali eiga þeir menn góðan fulltrúa og ef haldin er hestasýning er sagt frá slíku í fleiri daga. En umfjöllun um myndlist er engin,“ sagði Einar að lokum.

Píanótónleikar

Jónas Ingimundarson, píanóleikari, heldur n.k. mánudag 29. október tónleika á Kjarvalsstöðum og verða þeir haldnir inni á sýningunni hjá Einari Hákonarsyni. Hefjast tónleikarnir kl. 21 en sýningunni verður lokað kl. 20.30 tónleikakvöldið.

Á efnisskránni er m.a. sónata eftir ítalska tónskáldið Baltasarre Galuppi, sem uppi var á 18. öld. Eftir Frans Schubert verða leikin þrjú píanóljóð sem útgefin voru að tónskáldinu látnu. Þessu næst eru á efnisskrá tónleikanna verk eftir Franz Liszt og Sergei Rachmaninoff. Tónleikunum lýkur á sönötu eftir argentínska tónskáldið Alberto Ginastera.



„Hver er stefna stjórnmalaflokkanna í málefnum fatlaðra?“

— spyrja fatlaðir flokkana

SAMEIGINLEGUR fundur Sjálfshjargar, félags fatlaðra í Reykjavík, og Blindafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, samþykkti nú nýverið að skora á stjórnir landssambands fatlaðra og Blindafélagsins að beina þegar í stað nokkrum spurningum til þeirra stjórnmalasamtaka, sem bjóða fram í öllum kjördæmum landsins. Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands, haldinn 25. okt. s.l., tók undir þessa áskorun. Sérstök nefnd var skipuð til að sjá um framkvæmd málsins. Spurningalisti hefur verið saminn, sem sendur verður öllum stjórnmalaflokkunum og er svara við spurningunum æst fyrir 10. nóvember n.k.

Þetta kom fram á blaðamannafundi, er fyrrnefnd framkvæmdanefnd boðaði til í gær. Starfsmaður nefndarinnar, Magnús Kjartansson, fyrrv. ráðherra, sagði, að ætlunin með þessu væri að vekja stjórnmalaflokkana til vitundar um réttindaleysi fatlaðs fólks og fá þá til að marka skýra stefnu í málefnum fatlaðra. Magnús sagði, að á Íslandi væru nú á milli 30–40 þús. manns fatlaðir og ætti sá hópur tölulega séð 10 þingmenn af þeim 60, er sitja á Alþingi.

Spurningunum til stjórnmalaflokkanna er skipt í tvo kafla. Í öðrum kaflanum er spurt um rétt fatlaðra til þátttöku í almennri stjórnmalastarfsemi, um val fólks á framboðslista, setu á Alþingi, í sveitarstjórnnum o.fl. Í hinum er spurt um stöðu fatlaðra almennt, afstöðu stjórnvalda til starfsaðstöðu þeirra, lífeyrisgreiðslur o.fl. Svörin við spurningunum verða síðan birt opinberlega og að sögn nefndarmanna, munu fatlaðir og aðstandendur þeirra áreiðanlega

taka tillit til þeirra, er þeir setja X-ið á kjörseöla sína í desember.

Spurningalistinn verður birtur í heild í Mbl. síðar.



Ljós. Mbl. Kristján.

Þessi mynd var tekin á blaðamannafundinum í gær. Á myndinni eru nefndarmenn framkvæmdanefndarinnar, talið frá vinstri: Rafn Benediktsson formaður Sjálfshjargar í Reykjavík, Magnús Kjartansson starfsmaður nefndarinnar, Sigursveinn D. Kristinsson, Halldór Rafnar og Gísli Helgason.

Ellefu bátar með síld

Höfn. 26. október.

ELLEFU sildarbátar fóru á miðin í gærkvöldi þótt bræla væri og fengu rúmlega 2000 tonn. Stemma saltar 1.000 tonn og Sildarsöltun h/f byrjar í fyrramálið að salta af þessum afla um 600 tonn og fara 4–500 í frystingu.

Áframhaldandi bræla er á miðunum og litlar líkur á að bátarnir fari út í kvöld. Fraktskip komu hingað í dag og biðu þess að komast inn en urðu að snúa frá vegna veðurs. Einar